

Ragnar Edvardsson og Ruth A. Maher. 2002. Fornleifaskráning í Ísafjarðarbæ I. hluti Eyrarhreppur hinn forni. **Svæðisskráning og aðalskráning.** Jarðir: Eyri, Seljaland, Tunga, Hafrafell, Engidalur, Fossar og Kirkjuból. Náttúrustofa Vestfjarða og Fornleifastofnun Íslands. NV nr. 6-02. 92.bl

Útdráttur

Á síðustu árum hefur fornleifaskráning á öllu landinu færst í aukana. Ástæðu þessa má rekja til nýrra þjóðminjalaga sem kveða mun skýrar á verndun menningarminja en áður. Í þjóðminjalögum eru sveitastjórnnum og bæjarfélögum gert skylt að láta gera fornleifaskráningu á skipulagsskildum svæðum áður en kemur að deili- eða aðalskipulagi. Einnig er skylt að skrá fornminjar á tilvonandi framkvæmdarsvæðum.

Á Vestfjörðum hefur fornleifaskráning farið fram síðan 1996 og hafa tveir hreppir, Kaldrananeshreppur í Strandasýslu og Bolungarvíkurkaupstaður í Ísafjarðarsýslu verið allskráðir. Einnig hefur farið fram fornleifaskráning vegna ýmissa framkvæmda, s.s. vegagerðar, bæði á norður- og suðurhluta Vestfjarða. Árið 2002 hófst svo skráning í Árneshreppi á Ströndum og í Ísafjarðarbæ. Áætlað er að skráning Árneshrepps taki u.þ.b. 3 ár en mun lengur tekur að fullskrá Ísafjarðarbæ þar sem að mörk hans ná frá Arnarfirði og norður á Hornstrandir.

Fornleifaskráningu er skipt í tvö vinnuferli, svæðisskráningu og aðalskráningu. Við svæðisskráninguna er gefið yfirlit um sögu byggðar, jarðir og takmörk þeirra skilgreindar. Þá er farið yfir vísbendingar um menningarminjar á hverjum stað, þ.e. túnakort og örnefnaskrár og loks er leitað í beinum heimildum um fornleifar. Helstu heimildir sem stuðst er við við svæðisskráningu eru *jarðabækur*, *túnakort* sem gerð voru á árunum 1916-21, *örnefnaskrár*, *fornleifaskýrslur* og rit um byggðasögu.

Við aðalskráningu er farið á staðinn og leitað skipulega að þeim menningarminjum sem vísbendingar fundust um við svæðisskráninguna. Farið er á alla þá staði þar sem svæðisskráningin gaf til kynna að minjar væru að finna. Þær minjar sem sjást á yfirborði eru skráðar, þeim er lýst, ástand þeirra skilgreint og lagt mat á hvort þær séu í hættu. Allir minjastaðir eru jafnframt staðsettir með hnitum og á korti. Þar sem minjar sjást ekki á yfirborði er reynt að ákvarða staðsetningu þeirra sem nákvæmast og afla upplýsinga um hversvegna þær sjást ekki lengur. Í lok vettvangsathugunarinnar er öllu skráningarsvæðinu skipt upp í reiti og er síðan valdir reitir kannaðir af meiri nákvæmni í þeim tilgangi að fá hugmynd um fjölda þeirra minja sem ekki koma fram í heimildum.

Í þessum fyrsta hluta fornleifaskráningar í Ísafjarðarbæ voru allar jarðirnar í Eyrarhrepp hinum forna svæðisskráðar og af þeim voru jarðirnar Eyri, Seljabrekka, Seljaland, Tunga, Hafrafell, Engidalur, Fossar og Kirkjuból aðalskráðar. Í þessum fyrsta hluta voru 359 minjastaðir svæðisskráðir og 175 aðalskráðir. Af þeim voru 130 staðir horfnir vegna ýmissa ástæðna en 15 sáust í yfirborði.

Margvíslegar menningarminjar voru skráðar sumarið 2002, allt frá búsetuminjum til minja sem tengjast þjóðsögum. Allar minjar 100 ára og eldri eru skráðar en yngri minjar eru oft teknar með, sérstaklega þær minjar sem tengjast veru bresku og bandarísku herjanna á tímum seinni heimsstyrjaldar og einnig þær minjar sem taldar eru einstakar.

Á næstu árum er áætlað að halda áfram fornleifaskráningu í Ísafjarðarbæ og er vonast til að innan 10 ára verði allt svæðið frá Arnarfirði og norður á Hornstrandir fullskráð.